

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1255

frá 21. apríl 2021

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013 að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni og sjálfbærniþætti sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða eiga að taka tillit til

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾, einkum 12. gr. (3. mgr.), 14. gr. (4. mgr.), 15. gr. (5. mgr.) og 18. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Umskiptin yfir í hringrásarhagkerfi sem losar lítið af kolefni, er sjálfbærara og auðlindanýtið, í samræmi við heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, er lykilþáttur í að tryggja samkeppnishæfni hagkerfis Sambandsins til langs tíma. Sambandið samþykkti Parísarsamninginn árið 2016 ⁽²⁾. Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. Parísarsamningsins miða að því að styrkja viðbrögð við loftslagsbreytingum með því, m.a., að gera fjármagnsflæði samrýmanlegt við ferli í átt að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og þróun viðnáms gegn loftslagsbreytingum.
- 2) Til að bregðast við þessari áskorun lagði framkvæmdastjórnin fram Grænt samkomulag í Evrópu ⁽³⁾ í desember árið 2019. Þetta græna samkomulag er ný vaxtarstefna sem miðar að því að umbreyta Sambandinu í sanngjart og velmegandi samfélag, með nútímalegt, auðlindanýtið og samkeppnishæft hagkerfi þar sem nettólosun gróðurhúsalofttegunda verður engin frá og með árinu 2050 og þar sem hagvöxtur er aftengdur nýtingu auðlinda. Þetta markmið útheimtir að fjárfestar fái skýr skilaboð að því er varðar fjárfestingar sínar til að komast hjá því að eignir verði verðlausar og til að virkja sjálfbæra fjármögnun.
- 3) Framkvæmdastjórnin birti í mars 2018 aðgerðaáætlun sína „Fjármögnun sjálfbærs vaxtar“ ⁽⁴⁾ og hratt af stað metnaðarfullri og yfirgripsmikilli áætlun um sjálfbær fjármál. Eitt af markmiðum þessarar aðgerðaáætlunar er að beina fjármagnsstreymi í átt að sjálfbærri fjárfestingu til að ná fram sjálfbærum hagvexti fyrir alla. Áhrifamatið sem liggur til grundvallar síðari tillögum að lagagerðum og birt var í maí 2018 ⁽⁵⁾ sýndi fram á að nauðsynlegt væri að tilgreina sérstaklega að rekstraraðilar sérhæfðra sjóða þurfa að taka tillit til sjálfbærniþátta sem hluta af skyldum sínum gagnvart fjárfestum. Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða ættu því ekki aðeins að meta alla viðeigandi fjárhagslega áhættu á viðvarandi grundvelli heldur einnig alla viðeigandi áhættu tengda sjálfbærni eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 ⁽⁶⁾ sem, ef hún á sér stað, myndi hafa raunveruleg eða möguleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingar. Ekki er vísað sérstaklega til áhættu tengda sjálfbærni í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 ⁽⁷⁾. Af þessum sökum og til að tryggja að innri starfsreglur og skipulagsráðstafanir séu innleiddar og þeim fylgt á tilhlýðilegan hátt er nauðsynlegt að tilgreina sérstaklega að verklagsreglur, kerfi og innra eftirlit verðbréfafyrirtækja ættu að endurspegla áhættu tengda sjálfbærni og að tæknileg geta og þekking sé nauðsynleg til að greina þessa áhættu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4).

⁽³⁾ COM(2019) 640, lokagerð.

⁽⁴⁾ COM(2018) 97 lokagerð.

⁽⁵⁾ SWD(2018) 264, lokagerð.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

⁽⁷⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar undanþágur, almenn rekstrarskilyrði, vörsluaðila, vogun, gagnsæi og eftirlit (Stjtið. ESB L 83, 22.3.2013, bls. 1).

Gerðin er óbirt og gæti tekið smávægilegum breytingum

- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/2088 ber rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, sem skylt er að taka tillit til helstu neikvæðu áhrifanna af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti eða taka sjálfviljugir tillit til þessara helstu neikvæðu áhrifa, skylda til að birta upplýsingar um hvernig tekið er tillit til þessara helstu neikvæðu áhrifa í stefnum þeirra um áreiðanleikakannanir. Til að tryggja samræmi milli reglugerðar (ESB) 2019/2088 og framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 231/2013 ætti sú skylda að endurspeglast í framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013.
- 5) Til að viðhalda mikilli fjárfestavernd ættu rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, þegar þeir skilgreina þær tegundir hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni sérhæfðs sjóðs, að telja með þær tegundir hagsmunaárekstra sem skapast geta í kjölfar þess að áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í ferli þeirra, kerfi og innra eftirlit. Þessir árekstrar gætu meðal annars verið árekstrar vegna launakjara eða einkaviðskipta viðkomandi starfsfólks, hagsmunaárekstrar sem gætu haft í för með sér grænþvott, villandi söluaðferðir eða rangar staðhæfingar um fjárfestingaráætlanir og hagsmunaárekstrar milli ólíkra sérhæfðra sjóða sem er stýrt af sama rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
- 6) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013 til samræmis við það.
- 7) Veita ætti lögberum yfirvöldum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða nægan tíma til að aðlagast nýju kröfunum í þessari reglugerð. Því ætti að fresta gildistöku hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 6. og 7. liðir bætast við í 1. gr.:

„6) „áhætta tengd sjálfbærni“: áhætta tengd sjálfbærni eins og hún er skilgreind í 22. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (*),

7) „sjálfbærniþættir“: sjálfbærniþættir eins og þeir eru skilgreindir í 24. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).“

- 2) Eftirfarandi 5. og 6. mgr. bætast við í 18. gr.:

„5. Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skulu taka tillit til áhættu tengda sjálfbærni þegar þeir hlíta kröfunum sem settar eru fram í 1. til 3. mgr.

6. Ef rekstraraðilar sérhæfðra sjóða taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti eins og lýst er í 1. mgr. 4. gr., a-lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088, eða eins og krafist er í 3. eða 4. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, skulu þessir rekstraraðilar sérhæfðra sjóða taka tillit til slíkra helstu neikvæðu áhrifa þegar þeir hlíta kröfunum sem settar eru fram í 1. til 3. mgr. þessarar greinar.“

- 3) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við í 22. gr.:

„3. Að því er varðar 1. mgr. skulu rekstraraðilar sérhæfðra sjóða viðhalda þeim úrræðum og sérþekkingu sem er nauðsynleg til að fella áhættu tengda sjálfbærni inn á skilvirkan hátt.“

- 4) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 30. gr.:

„Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skulu tryggja að þegar þeir skilgreina þær tegundir hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni sérhæfðs sjóðs telji þeir með þær tegundir hagsmunaárekstra sem skapast geta í kjölfar þess að áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í ferli þeirra, kerfi og innra eftirlit.“

- 5) Í stað 2. mgr. 40. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Áhættustýringarstefnan skal innihalda þær verklagsreglur sem eru nauðsynlegar til að gera rekstraraðila sérhæfðra sjóða kleift að meta, fyrir sérhvern sérhæfðan sjóð sem hann stýrir, markaðsáhættu, lausafjárahættu, áhættu tengda sjálfbærni og

Gerðin er óbirt og gæti tekið smávægilegum breytingum

mótaðilaáhættu og alla aðra áhættu sérhæfða sjóðsins, þ.m.t. rekstraráhættu, sem getur verið mikilvæg fyrir hvern sérhæfðan sjóð sem hann stýrir.“

6) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 57. gr.:

„Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skulu taka tillit til áhættu tengda sjálfbærni þegar þeir hlíta kröfunum sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein.“

7) Eftirfarandi i-liður bætist við í 2. mgr. 60. gr.:

„i) beri ábyrgð á að fella áhættu tengda sjálfbærni inn í þá starfsemi sem um getur í a- til h-lið.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
